

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2011

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands frá 31. desember. Álagning, leiðréttingar, reikningagerð og innheimta fer fram hjá fjármáladeild.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur ákveðið að álagning fasteignagjalda 2011 verði:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A	0,265%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,340%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 17.500	pr. íbúð fyrir 240L tunnu

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,500%	af fasteignamati húss og lóðar
Fasteignaskattur - hesthúsa	0,450%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Á forsiðu þessa seðils eru tilgreindir gjalddagar fasteignagjalda. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 20.000 er gjalddagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum, í heimabanka, hjá bönkum og í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega. Nánari upplýsingar fást í Þjónustuveri í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og holræsagjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrár Íslands og Ríkisskattstjóra. Til bráðabirgða verður lækkunin reiknuð út frá síðasta skattframtali og færð til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Í haust þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2010 verður afsláttur endurskoðaður og tilkynnt ef breyting verður. Nánari reglur og eyðublað fyrir athugasemdir má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is eða í Þjónustuveri Mosfellsbæjar s: 525-6700.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2010:

Afsláttur	Frá	Til
100%	0	2.331.999
80%	2.332.000	2.565.999
60%	2.566.000	2.796.999
40%	2.797.000	3.019.999
20%	3.020.000	3.231.999

Tekjur hjóna 2010:

Afsláttur	Frá	Til
100%	0	3.264.999
80%	3.265.000	3.591.999
60%	3.592.000	3.914.999
40%	3.915.000	4.227.999
20%	4.228.000	4.523.999